

mannlegra hugsana í öllum öðrum greinum er frjáls og óheft sannleiksleitun.

Og hví skyldi menn ekki efast um þessar sakir? Hví skyldi menn ekki hlýða eins fúslega á orð þeirra, er eitthvað kunna að segja oss nýtt af „næturmyrkri því, er vér erum komnir frá, og nött þeitri hinni löngu, er við oss tekur“, eins og áður fyr, eins og um aldamótin 600.

Það er auðsætt, eitt af tvennu, að sendiboðinn frá Róm eða Genf eða Wittemberg annaðhvort vill ekki eða getur ekkert frætt oss um þær sakir, eins lengi og hann bregður ekki út af þeim boðskap, er þaðan er útgenginn. Hver vill banna auganu að sjá eða eyranu að heyra?

„Þeir sem hafa eyru að heyra, þeir heyril!“

„Kenning yðar er gömul og grá fyrir hærum, *réttir trúndu vinir.*“ En er ekki öllu meiri ástæða til að ihuga hana þess eina vegna? Er ekki hver einn einasti *einlægur* talsmaður hennar andlegur herðalotinn hærulangur? Breytir hún ekki ungdómi í elli, ef sannfæringin fyrir gildi hennar grípur hugann? Stundin er ekki löng, meðan æska hlær; hún er of löng í mannheimum, meðan elli grætur.

Hinar aðrar hliðar þjóðlífssins biðja um æskulyf. Á trúin þá að byrla ellilyf?

Og svo er enn önnur ástæða til að ihuga þessa kenningu af því hún er gömul. Fornöldin hefir í hvívetna farið fram hjá sannleikanum. Mannlífið til forna er að eins byrjun í áttina til nútímans, því verður aldrei neitað. Náttúruvísindin kendi hún skakt, mannfræðina kendi hún skakt, landafræðina kendi hún skakt, söguna falsaði hún, stjörnufræðina þekti hún tæpast, eðli mannssálarinnar alls ekki. Æn trúna alls eina kendi hún rétt. Er nokkur ástæða til að halda það? Að eins eina trúarskoðun af þúsundum, er mannkynið hefir búið sér til? Eða er svo saga þessarar einu trúar þess leiðis, að hún sé sannleikurinn og réttlætið sjállt? Hver hefir ofsótt fræðimenn fram til þessa dags? Hver kveikt bál Rannsóknarréttarins? Hver lok- aði heimspekkskólunum fornu? Hver hlóð valköstum um alla Norðurálfuna? Hver háði Þrjátíu-ára-stríðið? — — *Kyrkjan.*